

**FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR  
SAGA CAPITAL FJÁRFESTINGARBANKA 2010**

**HALDINN Í LISTASAFNI AKUREYRAR**

**FÖSTUDAGINN 28. MAÍ KL. 17.35**

Halldór Jóhannsson formaður stjórnar setti fundinn. Fundarstjóri var kosinn Ólafur Rúnar Ólafsson hdl. og Vilhjálmur Bergs hdl. á lögfræðisviði Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. fundarritari. Halldór lýsti fundinn settan.

Fundurinn er löglega boðaður og lögmætur að fjalla um þau mál sem undir hann eru borin. Mætt er fyrir fundinn fyrir hönd Saga Eignarhaldsfélags hf. sem fer með 90,01% hlutafjár í félaginu og Hildu hf. sem fer með 9,99% hlutafjár.

Gengið var til dagskrár.

**1. SKÝRSLA STJÓRNAR UM STARFSEMI SAGA CAPITAL Á ÁRINU 2009**

Formaður stjórnar og forstjóri gerði grein fyrir starfsemi bankans. Vísað er til umfjöllunar á aðalfundi Saga Eignarhaldsfélags þar sem ítarlega var farið yfir starfsemi bankans árið 2009.

**2. ENDURSKOÐAÐUR ÁRSREIKNINGUR SAGA CAPITAL FYRIR ÁRIÐ 2009 LAGÐUR FRAM TIL STAÐFESTINGAR**

Því næst voru reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar ásamt skýrslu endurskoðanda.

Stjórn félagsins lagði til að framlagður endurskoðaður ársreikningur yrði samþykktur.

Tillaga stjórnar var samþykkt samhljóða.

**3. ÁKVÖRÐUN UM MEÐFERÐ TAPS FÉLAGSINS VEGNA ÁRSINS 2009**

Stjórn Saga Capital leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa fyrir starfsárið 2009 og að tap verði fært til lækkunar á eigin fé.

Tillaga stjórnar var samþykkt samhljóða.

**4. TILLÖGUR UM BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM SAGA EIGNARHALDSFÉLAGS**

Stjórn félagsins leggur til eftirfarandi breytingu á samþykktum félagsins, m.a. um heimild stjórnar til hækkunar hlutafjár félagsins:

**Núverandi ákvæði 4. gr. samþykktu félagsins falli niður og ný 4. gr. hljóði svo:**

Hlutfé félagsins er kr. 2.959.635.727,- 00/100. Hver hlutur er að fjárhæð kr. 1,- ein króna- eða margfeldi þeirrar fjárhæðar eins og hlutfjáreign hluthafa segir til um á hverjum tíma.

Stjórn félagsins hefur heimild til þess að hækka hlutfé í allt að kr. 3.700.000.000.- með áskrift nýrra hluta. Stjórn skal ákvarða útboðsgengi og greiðslukjör hinna nýju hluta og í hvaða áföngum heimildin verður nýtt. Hluthafar eiga ekki forgangsrétt að hinum nýju hlutum heldur skulu hluthafar Saga Eignarhaldsfélags hf. og Hildu hf. hafa forgangsrétt til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í félaginu í réttu hlutfalli við hlutfjáreign sína í Saga Eignarhaldsfélagi hf. og Hildu hf. Stjórn getur sett nánari reglur um sölu hlutanna. Heimild þessi gildir til aðalfundar 2011.

**Núverandi ákvæði 2. mgr. 16. gr. falli niður og ný 2. mgr. 16. gr. hljóði svo:**

1. nafn frambjóðanda,
2. kennitala
3. heimilisfang
4. menntun
5. aðalstarf
6. önnur stjórnar- og trúnaðarstörf, þ.á.m. stjórnarseta í öðrum félögum
7. starfsferilságríp
8. beinir og óbeinir eignarhlutir í félaginu
9. kaup- eða söluréttarsamningar við félagið
10. hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Tillagan hefur verið samþykkt af áheyrnarfulltrúa ESÍ.

Tillaga stjórnar var samþykkt samhljóða.

**5. TILLAGA STJÓRNAR UM STARFSKJARASTEFNU DÓTTURFÉLAGSINS SAGA CAPITAL FJÁRFESTINGARBANKA HF.**

Lögð er fram tillaga stjórnar um starfskjarastefnu Saga Capital, sjá framlögð drög að Starfskjarastefnu Saga Capital. Stjórn leggur til að starfskjarastefnan, sem stjórn hefur samþykkt í samræmi við ákvæði 79. gr. a. í lögum um hlutafélög nr. 2/1995 með síðari breytingum, verði samþykkt.

Tillagan var því næst samþykkt samhljóða.

**6. KOSNING STJÓRNAR**

Eftirfarandi gefa kost á sér í stjórn og varastjórn Saga Capital:

**Stjórn:**

Halldór Jóhannsson, kt. 040872-4189  
Gunnar Þór Gíslason, kt. 181165-3759  
Gunnar Þór Guðmannsson, kt. 150256-3649  
Jón Ármann Guðjónsson, kt. 060468-3039  
Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, kt. 250277-5209

**Varastjórn:**

Bjarni Hafþór Helgason, kt. 220857-3799

Eggert Árni Gíslason, kt. 240761-2119  
Guðmundur Örn Þórðarson, kt. 100372-5259  
Karl Friðriksson, kt. 101170-4039  
Stefán Héðinn Gunnlaugsson, kt. 170345-2909

Samkvæmt samþykktum skal stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum, og fimm til vara, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Fleiri framboð bárust ekki fyrir aðalfund.

Sjálfkjörið er í stjórn þar sem engin mótframboð bárust. Voru engar athugasemdir gerðar af hálfu fundarins.

## 7. KOSNING ENDURSKOÐUNARFÉLAGS

Stjórn leggur til að KPMG hf. verði endurkjörið sem endurskoðunarfélag Saga Capital fyrir starfsárið 2010.

Enginn óskaði eftir því að taka til máls um tillöguna.

Tillagan var að því loknu samþykkt samhljóða á fundinum.

## 8. ÁKVÖRÐUN UM ÞÓKNUN TIL STJÓRNAR OG ENDURSKOÐUNARFÉLAGS

Stjórn Saga Capital leggur til að stjórnarlaun vegna yfirstandandi starfsárs lækki um 15% og verði eftirfarandi:

*Stjórnarformaður fái kr. 200.000,- á mánuði.  
Stjórnarmenn fái kr. 125.000,- á mánuði  
Varamenn fái kr. 62.500,- fyrir hvern setinn fund, þó eigi meira en 125.000,- kr. á mánuði.*

*Stjórn félagsins leggur til að þóknun til endurskoðenda félagsins verði greidd samkvæmt framlögðum reikningi.*

Tillagan var að því loknu samþykkt samhljóða.

## 9. TILLAGA UM KAUP Á EIGIN HLUTUM

Stjórn Saga Capital leggur fram eftirfarandi endurnýjun á tillögu um kaup á eigin hlutum:

*Saga Capital er heimilt að eiga og taka að veði eigin hluti í samræmi við ákvæði VIII. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 29. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Heimildin takmarkast við að samanlögð kaup og veðsetning hluta fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Heimildin gildir í 18 mánuði og skal kaupverð hluta ekki vera meira en 10% hærra en markaðsverð félagsins en ekkert lágmark er á kaupverði samkvæmt þessu. Með samþykki tillögunnar fellur niður fyrri heimild til kaupa á eigin hlutum sem samþykkt var á síðasta aðalfundi félagsins.*

Tillagan var samþykkt samhljóða.

**10. ÖNNUR MÁL**

Önnur mál voru ekki borin upp á fundinum.

Því næst sleit fundarstjóri fundi og lauk auglýstum fundarstörfum kl. 18.00.

**FUNDARSTJÓRI**

**FUNDARRITARI**